

<i>Titill:</i>	Annar fundur notendahóps rannsóknarsamfélagsins
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	29.02.2016
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Ólafur Arnar Þórðarson; Anton Örn Karlsson; Lydía Ósk Ómarsdóttir
<i>Fundarmenn:</i>	Daníel Guðbjartsson, Íslensk Erfðagreining Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Háskóli Íslands Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Félagsvísindastofnun Katrín Ólafsdóttir, Háskólinn í Reykjavík Kristín Harðardóttir, Menntavísindastofnun Ásgeir Daníelsson, Seðlabanka Íslands Sveinn Agnarsson, Háskóli Íslands Þórhallur Ingi Halldórsson, Háskóli Íslands
<i>Fundarstjóri:</i>	Ólafur Arnar Þórðarson

1. Kynning á vinnu við bættu þjónustu við rannsóknarsamfélagið

- a. ÓAÐ sagði frá þróun mála frá síðasta fundi sem haldinn var í ágúst 2015. Hagstofan fékk 8 milljón króna fjárveitingu til uppbyggingar á þjónustu við rannsóknarsamfélagið á síðustu fjárlögum sem hefur gert stofnunni kleift að helga ákveðna starfskrafta verkefninu. Þessu fé verður varið í að koma upp Rannsóknþjónustu hagstofunnar, sérstakri einingu sem vinnur við að styðja við umsóknir og afgreiða örgögn til rannsakenda, og uppsetningu og rekstur UT kerfis til að bæta öryggi og aðgengi við afgreiðslu örgagna til rannsókna. Talsverð vinna hefur verið lögð í breytingar á stoðgögnum og innri ferlum á Hagstofunni til þess að nýta sem best þetta tækifæri til umbóta á þjónustu við rannsóknarsamfélagið.
- b. LÓÓ kynnti nýja rannsóknþjónustu hagstofunnar og þau verkferli sem stefnt er að vinna eftir. Farið var yfir verkferli, umsóknaeyðublöð, vottunarferli bakhjarla og viðmið við mat á umsóknum.
- c. LÓÓ kynnti nýtt tækniumhverfi fyrir örgagnaafgreiðslu til vísindastarfa. Með tilkomu þessa nýja tækniumhverfis verður rannsakendum gert kleift að tengjast með fjaraðgangi (VPN) inn á sýndartölvur sem Rannsóknþjónusta hagstofunnar setur upp fyrir hvern og einn rannsakanda. Notendur geta þá sinnt greiningum á gögnum í öruggu rannsókniumhverfi frekar en að fá gögn afhent. Þetta rafræna rannsókniumhverfi fellur mjög vel að þeim fjaraðgangslausnum sem notendur hafa kallað eftir og stórbætir bæði gagnaöryggi og aðgengi rannsakenda.
- d. LÓÓ sagði frá nýjum hugbúnaði og aðferðum við hindrun rekjanleika sem unnið er að því að innleiða á Hagstofunni. Þá mun nýtt tækniumhverfi bjóða upp á meiri

sveigjanleika við hindrun á rekjanleika. Nýjung er að hægt sé að beita niðurstöðuathugunum (output checking) sem aðferð en fyrirsjáanlegt er að þeim verið beitt í tilfellum þegar rannsóknarmarkmið leyfa ekki að rekjanleiki sé hindraður upp að ásættanlegu marki í frumgögnum. Gögnin eru þá dulin eins og rannsóknarmarkmið leyfa og fylgst með greiningum rannsækenda og hvort þær ógni rekjanleika.

- e. LÓÓ kynnti fyrirhugað kostnaðarmódel til umræðu. Lýst var yfir áhyggjum af miklum kostnaði ef rannsóknir kölluðu á langvarandi gagnaaðgang en gert er ráð fyrir ákveðum daglegum kostnaði fyrir aðgengi að rafrænu rannsóknarumhverfi hagstofunnar. Sérstaklega yrði það doktorsnemum þungbært ef þeir þyrftu að greiða fyrir að hafa gögn sín í geymslu langtímum saman. Hagstofan mun bregðast við þessum ábendingum og finna aðrar færar leiðir þegar fyrirséð er að rannsóknarverkefni taki langan tíma.
- f. AÖK kynnti Nordman verkefnið en um er að ræða samstarfsverkefni norrænu hagstofanna um gerð samhæfðra rannsóknarlýsigagna. Verkefninu er ætlað að bæta yfirsýn yfir gögn hagstofunnar, koma upp samhæfðu kerfi lýsigagna og undirbúa afgreiðslukerfi sem myndi leyfa afgreiðslu samantekinna örgagna fá öllum norrænu hagstofunum til rannsækenda. Er verkefnið stutt af Nordforsk og er vinna að hefjast við verkefnið sem ætlað er að taki 18 mánuði.

2. Umræður.

Fulltrúar notenda voru almennt ánægðir með fyrirhugaðar breytingar. Fram komu ýmsar ábendingar frá hópnum um umbætur sem tekið verður tillit til. Sérstaklega ber þar að nefna að hafa þarf vottunar- og umsóknaferli þannig að það nái til breiðari hóps en ekki bara hreinna rannsóknastofnana sem fylgja því meginmarkmiði að standa að rannsóknum. Það þarf sérstaklega að gæta að opinberum aðilum með ríkar greiningarþarfir á borð við Seðlabanka Íslands og Efnahags- og fjármálaráðuneyti. Þá þarf að huga að hvernig kostnaðarmódel og þjónusta rannsóknþjónustu passar saman. Útbúa þarf sveigjanlegri lausnir varðandi aðgengi að rannsóknagögnum yfir langan tíma. Notendur gætu þurft að geta nálgast ákveðin rannsóknagöng jafnvel árum saman sem yrði mjög kostnaðarsamt miðað við núverandi kostnaðarmódel. Það komu fram áhyggjur af hvernig ferlið myndi í raun passa við aðra utanaðkomandi þætti svo sem leyfisveitingu vísindasiðanefndar en huga þarf að hver reynsla verður af slíkum samhæfingaratriðum. Þá kom fram ábending um að oft þurfi við að bæta inn nýjum gögnum og mikilvægt sé að kringum slíkt sé hægt að hafa sveigjanleika og hraða. Einnig kom fram ábending um að Hagstofan þyrfti að gæta þess að skráning lýsigagna sé góð.

3. Niðurstöður og ákvarðanir er varða starfsemi Hagstofunnar

Unnið verður að umbótum á kostnaðarmódeli og það sent fundarmönnum.

Unnið verður að breytingum á vottunarferli og skjölum þannig að það ferli nái utanum víðari hóp en nú er gert ráð fyrir.

Hagstofan mun vinna áfram að Nordman verkefninu og að koma upp samhæfðum lýsigögnum fyrir gögn sín.

FUNDARGERÐ

Rannsóknþjónusta Hagstofunnar mun hafa samband við fundarmenn varðandi mögulega kynningar í stofnunum þeirra fyrir rannsakendur þegar allt er komið í gang.

Mikilvægt er að allir aðilar leggi rækt við samvinnu og tvíhliða upplýsingaflæði